

Nd.

64. Frumvarp

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Flutningsmenn: Héðinn Valdimarsson, Jón Ólafsson,
Einar Arnórsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunarstaðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1932.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. grein.

3. gr.

Fyrir árslok 1931 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótageiðsla til Seltjarnarneshrepps vegna laga þessara.

Náist ekki samkomulag milli nefndra aðila, skal það, sem milli ber, lagt í gerð þriggja manna, sem séu þannig skipaðir, að hvor aðili skipar einn mann í dóm, en oddamann skipar hæstiréttur. Nefni annarhvor aðili ekki mann í gerðardóminn, skal hæstiréttur nefna manninn í hans stað. Gerð þessara þriggja manna eru báðir aðilar skyldir að hlita.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi, en náði ekki fram að ganga þá. Enn er vaxandi nauðsyn fyrir samþykkt þess og er það borið fram

í þeirri von, að það nái nú fram að ganga, enda fjölgar ávallt fylgjendum málsins í þeim hluta Seltjarnarneshrepps, sem óskað er eftir að sameinaður verði Reykjavík. Að öðru leyti vísast til greinargerðar frv. 1930.